



Til: ibuarad.midborgoghlidar@reykjavik.is
Afrit: Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is
Efni: Aðgengismál í Nauthólsvík
Upplýsingar: Sent: 22.09.2021 14:16:20 af Tómas Ingi Adolfsson, Málsnúmer: R21080168

Tilvísun í mál: R21080168

Reykjavík, 22. september 2021
R21080168

TIA

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Tjarnargata 11
101 REYKJAVÍK

Aðgengismál í Nauthólsvík

Í framhaldi af bókun íbúaráðs Miðborgar og Hlíða vegna aðgengismála í Nauthólsvík, sem var lögð fram á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks þann 13.10.2020, óskaði nefndin eftir því við tengilið sinn á umhverfis- og skipulagssviði að unnin yrði aðgengisúttekt á húsnaðinu og lóðinni við ylströndina í Nauthólsvík.

Úttekin fór fram 29.10.20. Skýrslan var tilbúin 12.11.20 kynnt fyrir aðgengis- og samráðsnefnd þann 3.12.20.

Í kjölfarið var haldinn fundur með ÍTR og hönnuðum hússins þar sem farið var um húsnaðið og mögulegar lausnir ræddar. Fyrstu tillögur að útfærslu lausna, innan- og utandyra, lágu fyrir um mitt sumar 2021 og voru m.a. kynntar á fundi aðgengis- og samráðsnefndarinnar 02.09.21. Þær hafa nú verið til meðferðar hjá byggingarfulltrúa og hafa tekið nokkrum breytingum í kjölfarið, m.a. eftir ábendingar frá brunaeftirliti.

Lokatillögur aðaluppdráttu ættu að liggja fyrir á næstunni og í kjölfarið verður hægt að fá verktaka til þess að vinna að gerð sérklefa og breytingum á salernum innandyra. Stefnt er á að þær framkvæmdir hefjist fyrir lok ársins.

Fyrirhugaðar framkvæmdir utanhúss, s.s. bætt aðgengi að gufubaði og bygging á nýjum heitum potti, eru til meðferðar hjá ÍTR og skrifstofu framkvæmda og viðhalds, sem koma með tillögur inn í fjárhagsáætlun næsta árs.

F.h. aðgengis- og samráðsnefndar

Tómas Ingi Adolfsson